

GJALDSKRÁ

Sveitarfélagsins Voga fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.

1. gr.

Almennt.

Við útgáfu byggingarleyfa og vegna annarrar þjónustu sem umhverfis- og skipulagssvið Sveitarfélagsins Voga veitir skal greiða þau gjöld sem gjaldskrá þessi kveður á um. Gjaldtakan er byggð á heimild í 50., 51. og 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttar, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprar vinnu er verulega umfram viðmið-unargjald, vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á viðbótargjald samkvæmt reikningi.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Greiða skal byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi sem bæjarstjórn hefur veitt. Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er útgáfa byggingarleyfis, ein yfirferð aðaluppdráttar, útmæling fyrir grefri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, lögbundið byggingareftirlit og úttektir, útgáfa fokheldisvottorðs og útgáfa lokaúttektarvottorðs.

Byggingarleyfisgjald er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis-húss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Upphæð byggingarleyfisgjalds skal vera:

- | | | | |
|--|------|-----|-----------|
| a) Af íbúðarhúsnæði: | | | |
| Einbýlishús pr. lóð | 100% | kr. | 290.526 |
| Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús pr. íbúð | 85% | kr. | 246.947 |
| Fjölbýlishús pr. íbúð | 50% | kr. | 145.263 |
| b) Af atvinnu- og þjónustuhúsum og stofnunum: | | | |
| Gólfplötur allt að 500 m ² | 100% | kr. | 290.526 |
| Gólfplötur á bilinu 500-1.000 m ² | 200% | kr. | 581.052 |
| Gólfplötur á bilinu 1.000-2.000 m ² | 300% | kr. | 871.578 |
| Gólfplötur yfir 2.000 m ² | 400% | kr. | 1.162.104 |
| c) Af öðrum húsum og hvers konar viðbyggingum, bílgeymslum, gripahúsum: | | | |
| Gólfplötur allt að 40 m ² | 40% | kr. | 116.210 |
| Gólfplötur 40-100 m ² | 60% | kr. | 174.316 |
| Af viðbyggingum stærri en 100 m ² greiðist fullt byggingarleyfisgjald, sbr. liði a og b. | | | |
| d) Annað: | | | |
| Af minni háttar breytingum á útliti og innra skipulagi húsa án stækkunar og endurnýjun utanhúsklæðningar | 10% | kr. | 29.053 |
| Af meiri háttar breytingum á útliti og innra skipulagi húsa án stækkunar, s.s. meiri háttar breyting á veggjum, lögnum o.fl. | 50% | kr. | 145.263 |

3. gr.

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa.

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða gjald fyrir veitingu framkvæmdaleyfa vegna þeirra framkvæmda sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir. Gjaldið má ekki vera hærra upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins auk kostnaðar við tilheyrandi eftirlit með framkvæmdum.

Innifalinn í framkvæmdaleyfisgjaldi er kostnaður sveitarfélagsins vegna útgáfu og undirbúnings leyfisveitingar auk kostnaðar við eina ferð vegna eftirlits.

Framkvæmdaleyfi - framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000	100%	kr.	207.943
Framkvæmdaleyfi aðrar framkvæmdir	50%	kr.	103.972
Eftirlit umfram eina ferð sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	20%	kr.	41.589
Afgreiðslugjald	10%	kr.	20.794

4. gr.

Gjöld vegna skipulagsvinnu.

Samkvæmt samþykkt þessari skal greiða gjald fyrir skipulagsvinnu. Innifalinn er kostnaður sveitarfélagsins vegna útgáfu og undirbúnings skipulags.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga:

Afgreiðslugjald.	10%	kr.	29.053
Breytingar á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi		
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr.	100%	kr.	290.526
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr.	50%	kr.	145.263

Kostnaður vegna deiliskipulags:

Afgreiðslugjald	10%	kr.	29.053
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi		
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr.	75%	kr.	217.895

Verulegar breytingar:

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr.	aðkeypt vinna skv. reikningi		
Umsýslu- og auglýsingakostnaður v. óverul. br. sbr. 1. mgr. 43. gr.	75%	kr.	217.895

Óverulegar breytingar:

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. v. óverul. br.	50%	kr.	145.263
Umsýslu- og auglýsingakostnaður v. óverul. br. sbr. 2. mgr. 43. gr.	30%	kr.	87.158
Umsýslu- og auglýsingakostnaður v. óverul. br. sbr. 3. mgr. 43. gr.	15%	kr.	43.579
Grenndarkynning, sbr. 44. gr.	15%	kr.	43.579

Greitt er fyrir hvern þann lið hér að ofan sem sveitarfélagið þarf að vinna við fullnaðarafgreiðslu. Framkvæmdaleyfis- og skipulagsgjöld hér að ofan innifela kostnað við umfjöllun sveitarfélagsins auk auglýsinga um kynningu skipulagsins og gildistöku.

Landeigandi eða framkvæmdaaðili getur óskað eftir því við sveitarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á hans kostnað. Um ferli slíks deiliskipulags fer skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga.

5. gr.

Gjaldskrá afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi. Afgreiðslu- og þjónustugjöld eru ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlishúss eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987.

Upphæð afgreiðslu- og þjónustugjalda skal vera:			
Hver endurskoðun aðaluppdráttá	10%	Kr.	29.053
Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga	10%	Kr.	29.053
Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt	10%	Kr.	29.053
Stofnun lóðar	10%	Kr.	29.053

Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun	10%	Kr.	29.053
Fyrir breytingu á lóðarsamningi	10%	Kr.	29.053
Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	10%	Kr.	29.053
Gjald f. útkall þegar verk reynist ekki úttektarhæft	20%	Kr.	58.106
Afgreiðsla stöðuleyfis, árgjald greiðist einu sinni á ári*	20%	Kr.	58.106

Fyrir hverja aukaútsetningu lóðar/húss; pr. mælingu, aðkeypt vinna skv. reikningi.

* Byggingarfulltrúi hefur heimild til að innheimta gjald, vegna stöðuleyfis, hafi ekki verið sótt formlega um stöðurleyfi eða það ekki verið endurnýjað á tilskildum tíma.

6. gr.

Gjald dags og lögveð.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningarbréfs bæjaryfirvalda.

Leyfis- og þjónustugjöld endurgreiðast ekki þótt leyfi til framkvæmda falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Þó skulu þjónustugjöld endurgreiðast ekki af framkvæmdum á gildistíma byggingarleyfis.

Byggingarleyfisgjöld ásamt gjöldum fyrir úttekt og mælingar eru ákvörðuð og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis. Önnur gjöld gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

7. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta önnur þjónustugjöld en mælt er fyrir um í gjaldskrá þessari, sbr. IX. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010, enda nemi þau ekki hærri fjárhæð en kostnaði við að veita þjónustuna.

8. gr.

Verðlagsbreytingar.

Grunnstofn er ákveðið hlutfall byggingarkostnaðar fermetra í vísitöluhúsi eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987 um vísitölu byggingarkostnaðar. Verðgrunnur 1. desember vísitöluhúss 2023 er kr. 290.526 og byggingarvísitala 116,4 stig (2023M11).

9. gr.

Gildistaka o.fl.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 13. desember 2023, með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og fráveitu, framkvæmdaleyfis- og byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Vogum nr. 951/2017.

Samþykkt á 214. fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 13. desember 2023.

Gunnar Axel Axelsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 2. janúar 2024